

## Menntastefna VR

Mennta- og fræðslustefna VR hefur það að markmiði að félagsmenn búi yfir þekkingu og færni sem nýtist þeim vel á vinnumarkaði.

Aukin menntun í atvinnulífinu eykur virkni þess og stuðlar að starfsánægju félagsmanna. VR vill taka virkan þátt í mótun og framkvæmd náms á Íslandi.

VR leggur áherslu á að félagsmönnum séu tryggð jöfn tækifæri til símenntunar, þeir geti sótt sér óformlega og formlega menntun og fengið ráðgjöf til að styrkja sig á vinnumarkaði. VR leggur áherslu á að grunnmenntakerfi landsins veiti öllum jafnt tækifæri til að stunda formlegt skólanám.

VR leggur áherslu á raunfærnimat, þ.e. að reynsla og hæfni félagsmanna sé metin til styttingar á námi.

VR leggur áherslu á að veita ungum og nýjum félagsmönnum samfélagsfræðslu (VR skóli lífsins).

VR telur mikilvægt að öllum þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli bjóðist hagnýt íslenskukennsla.

VR hefur að leiðarljósi að koma til móts við félagsmenn sem þurfa á sérúrræðum vegna náms að halda.

VR leggur áherslu á að efla samvinnu samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda í menntamálum.

Samþykkt af Starfsmenntanefnd VR,

5. september 2017